

Alþingi,
Allsherjar og menntamálanefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 2. september 2016.

Umsögn; frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál., lagafrumvarp 145. löggjafarþing 2015–2016.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir þá meginathugasemd við að nær engu leyti er fjallað um hvernig hið nýja frumvarp mæti þeim samfélaglega þætti sem er ójöfn staða námsmanna sem eiga búsetu fjarri starfstöðvum háskóla. Í Stefnumótandi Byggðaáætlun 2014-2017 er sett að markmiði *Íbúar landsins, óháð búsetu og efnahag, njóti sömu tækifæra hvað varðar aðgengi að opinberri grunnþjónustu og kröfur eru gerðar um í nútímasamfélagi.* Menntun er sett þar sem einn meginþátta af grunnþjónustu. Því er beint til allsherjar og menntamálanefndar að fela Byggðastofnun að gera úttekt á áhrifum frumvarpsins hvað þennan þátt varðar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér birtist ágalli við undirbúning frumvarpsins að þar hefði átt að ræða við breiðari hóp hagsmunaaðila s.s. Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og Byggðastofnun.

Um einstök markmið frumvarpsins, með vísan til VII kafla greinargerðar

Markmið frumvarps þessa er í fyrsta lagi að bregðast við breytingum á íslensku menntakerfi, ekki síst háskólakerfinu, sem hafa orðið frá því að gildandi lög um sjóðinn, nr. 21/1992, voru sett.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir ekki athugasemd við þetta markmið.

Í öðru lagi að bregðast við athugasemdum sem komið hafa fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar á undanförunum árum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að skýrslur Ríkisendurskoðunar hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til samfélagslegs hlutverks sjóðsins og þess mismunar sem felst í búsetu.

Í þriðja lagi að koma til móts við gagnrýni samtaka námsmanna, annarra hagsmunaaðila og Ríkisendurskoðunar hvað varðar það misræmi sem útteiling ríkisstyrks til námsmanna í formi vaxtaniðurgreiðslu og afskrifta felur í sér og jafnframt að gera styrkinn sýnilegri og jafnari.

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir þau markmið ná fram jöfnuði í stuðningi við námsmenn en telur jafnframt að útjöfnun með styrkjum óháðum búsetu eða efnahagslegum aðstæðum muni auka á ójöfnuð. Ekki er ljóst hvort þetta atriði kom fram frá þeim hagsmunaaðilum sem haft var samráð við samkvæmt greinargerð frumvarpsins og er því beint til allsherjar og menntamálanefndar að kanna það nánar.

Í fjórða lagi að bregðast við áhættugreiningum sem gerðar hafa verið um sjóðinn og þeirri þróun sem að óbreyttu kemur þar fram, en með óbreyttu fyrirkomulagi mun sjóðurinn þurfa sífellt auknið ríkisframlag.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að koma verði fram hvert sé markmið um fjárhæð ríkisframlags. Það getur verið markmið í sjálfu sér að auka sífellt við ríkisframlagið því þannig sé samfélagið að ná að bregðast við menntunarþörf þjóðfélagsins. Ekki er þó mælt til þess í þessari umsögn en gera verður þá kröfu að við heildarendurskoðun laga sé fjallað um hvaða markmið stjórnvöld hafa sett sér í menntamálum og hvaða fjárhagsrammi er settur til að ná þeim markmiðum og hvernig þau spila saman með öðrum áætlunum stjórnvalda.

Í fimmta lagi að bæta framgang nemenda og auka skilvirkni kerfisins og auka um leið gagnsæi í nýtingu ríkisfjár.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur jákvætt að hvetja námsmenn til að leggja stund á sitt nám og ljúka því á tilsettum tíma. Ekki er beinum orðum sagt í markmiðum með frumvarpinu en með hertum kröfum um tímalengd og takmörkun á hámarki lánsfjárhæðar þá virðist sem markmið sjóðsins sé að leggja áherslu á styttra og ódýrara nám. Telja verður að hætta sé á að efnameinni námsmenn muni þurfa að sætta sig við styttra nám heldur en þeir sem eru efnameiri. Bent hefur verið á að góðir námsmenn geti í framhaldsnámi aflað sér styrkja en gera verður gera nánar grein fyrir því kerfi og hvernig það sé fjármagnað.

Í sjötta lagi að færa fyrirkomulag námsaðstoðar nær því sem tíðkast á Norðurlöndum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að rökrétt sé að sækja fyrirmyndir frá samfélögum á Norðurlöndum í þessum efnum enda er fyrirmynd skólakerfis á margan hátt sótt til Norðurlanda. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér hafi tekið fyrirmyndi af einungis hluta námsaðstoðarkerfisins, þ.e. að á Norðurlöndum er horft til efnahaglegar stöðu þeirra sem njóta námsaðstoðar. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Lánasjóð íslenskra námsmanna frá 2011 þar sem segir á bls 20.

Fjárhæð SU-styrksins tekur mið af fjölskylduaðstæðum, svo sem hvort einstaklingur býr í foreldrahúsum og er þá tekið mið af tekjum foreldra. Einnig er styrkurinn hærri fyrir einstæða foreldra og barnafjölskyldur þar sem báðir foreldrar eru í námi.

Fjórðungssambandið leggur til við allsherjar- og menntamálanefnd að fjalla um þennan þátt og gerir þá kröfu um að gerð sé breyting á ákvæðum frumvarpsins og sett verða inn ákvæði sem taka tillit þessara atriða.

Í þessu samhengi er bent á að á bls 32 í greinargerð með frumvarpinu segir

*Að mati ráðuneytisins hafa breytingar sem gerðar eru á námslánakerfinu í frumvarpinu, þ.e. að veita námsaðstoð til námsmanna annars vegar með styrkjum og hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum, jákvæð áhrif í för með sér fyrir **meginþorra námsmanna.***

Er þess farið á leit við Allsherjar og menntaálanefnd að kannað verði hvaða hópar námsmanna munu standa verri stöðu taki lögin gildi.

Að lokum skal nefnt að Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um efni frumvarpsins og styður þau sjónarmið sem þar koma fram.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

A handwritten signature in blue ink, reading "Pálsteinn Þorkelsson". The signature is written in a cursive style with a large initial 'P'.

Framkvæmdastjóri.